

# MONITOR



FRÍTT  
EINTAK



Leikárið er hafið!

# Skelltu þér í áskrift

Áskriftarkort fyrir 25 ára og yngri  
4 sýningar að eigin vali  
**9.000,-**

Allar sýningar í boði  
alla daga vikunnar



Líf Valtýs er ekkert fyndið lengur.



## MÆLIR MEÐ...

### FYRIR MENNINGARSINNADA

Leiklistarhátíðin Lókal er nú haldin í sjötta sinn en í ár verður boðið upp á átta leiksýningar, þar af 4 glæný íslensk verk. Á hátíðinni í ár kennir ýmissa grasa, þar má meðal má sjá þriggja barna föður á fimmtugsaldri flytja dansverk, Finna fara yfir hlutverk böðulsins í sögulegu samhengi og Grindvíska atvinnuleikhúsið flytja glænýtt dansverk eftir Guðberg Bergsson. Monitor mælir með því að þú leyfir þínum innri listunnanda að blómstra á þessari skemmtilegu hátíð.



### FYRIR SJÓNVARPSUNNENDUR

Sjónvarpsþættirnir Orange is the New Black hafa slegið í gegn og það ekki að ástæðulausu. Þættirnir segja frá ungrri konu sem er fangelsuð fyrir glæp sem hún framdi tíu árum fyrr. Við kynnumst henni og stallsystur hennar í örlítið betur í hverjum þætti og það er hvergi skaði af þegar kemur að kynlífi, fíkniefna-neyslu og misbeitingu fangavardanna á valdi sínu. Ekki missa af einum fyrsta þættinum með konum í meirihluta sem hefur ekkert með tísku að gera.



### VALTÝR ÖRN

**Fyrstu sex:** 311097.  
**Hvað borðaðirðu í morgunmat:** Cheerios með banönum  
**Hvaða lag lýsir lífi þínu best þessa stundina:** „That joke isn't funny anymore“ með The Smiths  
**Botnaðu setninguna, Gaudeamus igitur...:** Æ, ég veit ekki. En ég læri þetta samt í næstu viku.

# Ekkert flókið að forrita leitarvél

**Valtýr Örn Kjartansson, nýnemi við MR, bjó til leitarvél sem gerir notand- anum kleift að sjá í hvaða framhaldsskóla vinir og kunningjar hafa farið.**

„Þegar ég útskrifaðist úr Hagaskóla síðasta vor voru allir að spá í hvaða framhaldsskóla hinn eða þessi væri að fara og allir voru komnir með hundleið á þessari spurningu, þar á meðal ég,“ segir Valtýr Örn Kjartansson sem stendur á bakvið leitarvélinu Skólaskrá.is. „Þannig varð til hugmyndin að þessari leitarvél sem allir framhaldsskólanemar geta skráð sig í. Ég forritaði síðuna á kvöldin meðfram sumarvinnunni og loks varð Skólaskrá.is að veruleika,“ segir Valtýr en hann kveður viðbrögðin hafa farið fram úr sínum björtustu vonum. „Fyrst voru það bara vinir mínir og gömlu skóla- félagarnir sem skráðu sig en á örfáum dögum fóru skráningar úr hundrað upp í fjögur hundruð. Núna eru á sjöunda hundruð framhaldsskólanemar skráðir í Skólaskrá,“ segir Valtýr að vonum glaður en notendur skólaskrár ná nú til 30 af 38 skólum á framhaldsskólastigi á Íslandi.

Valtýr er ekki á því að hann sé undrabarn heldur sé einfaldlega orðið svo létt að finna upplýsingar á netinu. „Langflest sem manni gæti nokkru sinni dottið í hug að læra er hægt að finna myndbönd eða kennslusíður um á netinu og svo er alltaf einhver á spjallþræði tilbúinn að leiðbeina manni með það sem er óljóst. Það er því ótrúlega einfalt að finna út úr hverju sem er án þess að læra það skipulega í skóla,“ segir Valtýr. „Á netinu geturðu lært hvernig á að steikja hið fullkomna beikon, hvernig er best að losna við harðlífi, hvernig á að dansa eins og Napoleon Dynamite, eða hvernig eigi að forrita leitarvél. Þetta er ekkert flókið.“

### Herra Sykurbergur

Valtýr segist ekki vera hinn íslenski Zuckerberg og þvertur fyrir að Skólaskráin eigi að verða næsta Facebook. „Ég hef samt áhuga á að bæta fleiru við síðuna ef ég hef tíma í vetur. Eitt sem er á döfinni er að gera eins konar „profile“-síðu fyrir hvern og einn á skólaskránni sem sýnir almennar upplýsingar um þann sem er skráður, gefur hlekk á „profile“ viðkomandi á Facebook og sýnir mynd af honum,“ segir Valtýr. „Heimsyfírráð eru ekki efst á verkefnalistaum hjá Skólaskrá en hver veit nema skráin endi sem vinsælasta síðan í heiminum, þá mun ég taka upp nafnið herra Sykurbergur,“ segir hann glettnislega. Valtýr hóf nám í MR fyrr í vikunni og segist lístast mjög vel á skólann. „Í MR virðist vera fólk sem er snjallt og um leið skemmtilegt og margir skrautlegir kennarar. Ég býst við því að læra mikið í vetur en ætla að passa mig á sama tíma að vera virkur í félagslífinu.“ Þótt fyrsta skólavikan sé ekki liðin hefur Valtýr nú þegar verið beðinn um að vinna fyrir Skólafélagið. „Ég mun sjá mikið um tækni-, hönnunar- og útgáfumál og er líka að vinna að appi fyrir skólann,“ segir Valtýr sem virðist svo sannarlega vera happafengur fyrir Skólafélagið.

Skólaskrá.is er öllum aðgengileg og Valtýr hvetur framhaldsskólanema til að skrá sig sem fyrst.

## ÞA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST Í HUGA MONITOR EFST

# Tímar án ráða?

Nú eru svo sannarlega miklir umbrotatímar hér á Monitorstöðum. Það er ekki nóg með að skipstjórinn sjálfur, Jón Ragnar Jónsson, hafi yfirgefið skútuna fyrir fæðingarorlof heldur hefur stýrimaðurinn, Einar Lövdahl, ákveðið að ráða sig í aðra áhöfn.

Einar, sem margir þekkja sem Elginn, er ókrýndur viðtalaþingur Monitor en viðtalið við Of Monsters and Men í blaðinu í dag er 94. forsíðuviðtalið sem þetta ljúfmenni sendir frá sér. Eftir um tvö og hálf ár í starfi fyrir Monitor fékk Elgurinn loksins leið á 40 mínútna strætóferðum og færir sig því um set frá 110 Reykjavík niður í 101 þar sem hann tekur við starfi ritstjóra Stúdentablaðsins í Háskóla Íslands. Hann verður kvaddur með tárum og tilheyrandi ekkasögum í dag en hann hyggst eyða deginum í að ganga um Moggahöllina og gefa fólki fæv.



Nei, nú skulum við öll halda ró okkar. Koma tímar, koma ráð segir máltæknið.

Monitor hefur fengið nýjan háseta um borð sem ber hið sérlega skemmtilega nafn Hersir. Svo virðist sem öðrum aðilum í ritstjórn Monitor hafi tekist að ná allri fyndni í kringum nafnið úr kerfinu á sér á fyrstu tveimur dögum svo við bindum vonir við að hann muni endast í starfi.

Ritstjórastóllinn var enn í hann (takk Jón) og ég hyggst svo sannarlega halda honum heitum þar til Johnny boy snýr aftur. Við skulum þó ekkert ræða rasshitann frekar heldur óska Elgnum velfarnaðar í nýju starfi og Jóni yndislegs orlofs með Jóni yngri.

Kærlig hilsen,  
Anna Marsý



**BLAÐIÐ Í TÖLUM**

- 30** framhaldsskólar eiga nú fulltrúa á Skólaskrá.is
- 105** tónleikum hafa Of Monsters and Men spilað á í ár.
- 17** milljónir eintaka hafa selst af My head is an animal.
- 300** skiptinemar hefja nám við HÍ í haust.

**MONITOR@MONITOR.IS Ritstjórn:** Jón Ragnar Jónsson (jonragnar@monitor.is), Anna Marsýbil Clausen (annamarsy@monitor.is) **Framleiðslustjóri:** Hilmar Gunnarsson (hilmar@monitor.is) **Blaðamenn:** Einar Lövdahl Gunnlaugsson (einar@monitor.is), Lís Hafliðadóttir (lisa@monitor.is), Hersir Aron Ólafsson (hersir@monitor.is) **Umbrot:** Monitorstaðir **Auglýsingar:** Auglýsingadeild Arvakurs (augl@mbl.is) **Forsíða:** Stýrmir Kári (stymirkari@mbl.is) **Myndvinnsla:** Ingólfur Guðmundsson **Útgefandi:** Arvakur **Prentun:** Landsprent Sími: 569 1136



## VIKAN Á FACEBOOK



**Einar Lövdahl Gunnlaugsson**  
Persónulegi sigurinn minn í dag hefur ekkert með hlaup að gera heldur var nafnið mitt rétt skrifað á plakati. Óje, þið lásuð rétt!  
24. ágúst kl. 14:56



**Úlfur Alexander Einarsson**  
Ég bjó til brandara í vinnunni í dag: Hvað kallarðu neyðarástand þar sem brauð er eina lausnin á vandamálinu? Brauðsneyð.  
takk.  
26. ágúst kl. 18:49



**Diljá Ámundadóttir**  
Djöfull væri ég til í að það væri bara talið eðlilegt að vera í náttfötum endrum og eins, á fundum og í vinnunni og svona. #sumirdagar  
27. ágúst kl. 10:54



**Gauti Þeyr**  
Þið voruð núll menningarleg í nótt...  
25. ágúst kl. 18:49



**Unnur Eggertsdóttir**  
Komst að því í kvöld að Löggunni finnst ekkert sérlega fyndið ef maður er að grínast með að vera blindfullur þegar hún lætur mann blása.  
24. ágúst kl. 0:22

www.facebook.com/monitorbladid

# Vinna af hörku og djamma af hörku

Með haustinu fyllast háskólarnir aftur af stúdentum en þeirra á meðal eru nokkur hundruð skiptinemar. Monitor ræddi við þau Gerrit, Ditte, Tim og Sögu um Ísland, Íslendinga og Mentor-verkefnið.

SAGA ROMAN

## EKKI SLÆMUR DÍLL

Saga Roman, formaður alþjóðanefndar SHÍ, stýrir Mentor-verkefninu fyrir Háskóla Íslands. Í HÍ eru hverju sinni í kringum 1.500 erlendir nemar og í ár eru 300 þeirra erlendir skiptinemar.

„Í Mentor-verkefninu tekur stúdent frá Háskóla Íslands að sér tvo til þrjá erlenda skiptinema og leiðbeinir þeim út önnina. Það veitir mikilvægt öryggisnet fyrir skiptinemana enda eru þeir að koma inn í alveg ókunnugt land í stuttan tíma,“ segir Saga. „Þau upplifa oft menningarsjokk, lenda stundum í veseni með kennitölu eða víta ekki hvar heilsugæslan sín er. Svo geta Mentorar líka búist við spurningum eins og „Hvar er Bónus“ og „Er í lagi að húkka sér far í kringum landið?“ Mentor-verkefnið fyllist stuttu eftir að opnað var fyrir umsóknir en áhugasamir stúdentar geta þó tekið gleði sína því opnað verður fyrir umsóknir á haustönn í nóvember. „Að vera Mentor er snilld af því að þú kynnist fólki frá öðrum löndum, eignast vini fyrir lífstíð og færð skírteinis-viðauka við útskrift. Það kalla ég nú ekki slæman díll,“ segir Saga sem er afar spennt fyrir komandi önn.

## GERRIT KU

**Fyrstu sex:** Hvað er þú? Kennitala segirðu?  
**Hvaðan ertu?** Lüneburg nálægt Hamborg í Þýskalandi.  
**Uppáhalds íslenska tónlistin?** Ég þekki ekki mikið til, svo Sigur Rós  
**Há dú jú læk Æsland?** Þetta er ótrúlegt land en veðrið er slæmt.

## ANNE-DITTE NORDMAJ

**Fyrstu sex:** 020989  
**Hvaðan ertu?** Kaupmannahöfn, Danmörku  
**Uppáhalds íslenska tónlist?** Það væri of auðvelt að segja Of Monsters and Men svo ég ætla að segja Sykur eða Retro Stefson.  
**Há dú jú læk Æsland?** Ég er smá-ástfangin.

## TIM SCHOLZ

**Fyrstu sex:** Hvað er það?  
**Hvaðan ert þú?** Buxtehude í Þýskalandi, nálægt Hamborg.  
**Hvað ertu að læra?** Stjórn-málafræði og fjölmiðlafræði.  
**Há dú jú læk Æsland?** Landið er í tveimur orðum heillandi og mótsagnakennt.

TIM SCHOLZ

## Ætlar að læra íslensku

**Hvers vegna valdir þú Ísland fyrir skiptinámið?**  
Fyrir mér er Ísland þetta „exótíska“ í Evrópu og ekki jafn kunnuglegt og önn í Brussel eða Barcelona væri.

**Hefur þú kynnst einhverjum Íslendingum?**

Já, við áttum tilviljunakenndan fund með öðrum skiptinimum síðustu helgi. Þar voru líka nokkrir íslenskir gaurar sem sýndu okkur næturlífið í Reykjavík.

**Hvernig er típískur Íslendingur í þínum augum?**

Mjög meðvitaður um tísku og skandinávískur. Annars eruð þið líka mjög djammþyrst en tillitsamt fólk.

**Hvernig líst þér á Háskóla Íslands?**

Hann er kannski 20 sinnum stærri en heimaskólinn minn í Bæjaralandi. Sem betur fer hef ég þó ekki átt í vandræðum með að ná áttum.

**Hvernig hyggst þú eyða tíma þínum hér?**  
Ég vona að ég muni kynnast vingjarnlegu fólki og tileinka mér íslenska tungu nógu vel til að geta átt samskipti dags daglega.

ANNE-DITTE NORDMAJ

## Hefur ekki enn hitt hrokafullan Íslending

**Hefur þú kynnst einhverjum Íslendingum?**  
Eiginlega ekki. En fólk er mjög vinalegt svo ég tala allavega mjög mikið við Íslendinga, ef það telst með? Annars hittir maður aðallega þjóðverja því þeir eru allstaðar.

**Hvernig er hinn típíski Íslendingur í þínum augum?**

Karlmenn með sítt hár í hnút og jafnvel enn síðara skegg. Þeir eru flott klæddir og margir þeirra fíla munntóbak. Stelpurnar eru líka mjög flott klæddar og eru allar mjög hrifnar af rauðum varalit.

**Hvað er stærsti munurinn á Danmörku og Íslandi?**

Ég held ég verði að segja vingjarnlegheitin, fólk er ofur opið og hlýlegt. Það er fólk ekki í Danmörku. Ég hitti strák á bar niðri í bæ sem spurði hvort mér fyndist Íslendingar hrokafullir, kannski er ég bara heppin að hafa ekki hrasað um neina slíka hingað til.

**Er eitthvað á Íslandi sem er sérlega erfitt að laga sig að?**

Rosalega dýri maturinn, það er fáránlega dýrt að kaupa hluti og svo er svolítið erfitt að finna lífrænar matvöruverslanir.

GERRIT KU

## Strangar sturtureglur

**Vissir þú eitthvað um Ísland áður en þú komst?**

Ég var búinn að lesa mér mikið til um Ísland áður en ég kom og komst að ýmsu.

1. Það gilda strangar reglur í sturtuklefum sundlauganna.
  2. Áfengi er mjög dýrt og svo er peningasóun að drekka það án þess að verða fullur.
  3. Ísland er mjög fallett.
  4. Íslendingar eru alltaf mjög klæddir samkvæmt tískunni.
  5. Íslendingar myndu aldrei afneita tilvist vera eins og álfa. Samt segja þeir aldrei að þeir trúu á þessar verur.
  6. Íslendingar fíla það ekki að vera spurðir hvort þeir trúu á þessar verur.
  7. Það er ekki eins kalt og allir útlendingar halda að það sé á Íslandi.
- Eftir fyrstu tvær vikurnar mínar hér er ég nokkuð viss um að 1, 2, 3 og 4 standist.

**Hvernig lítur típískur Íslendingur út?**

Típískur Íslendingur lítur mjög vel út og honum er alveg sama um veðrið. Ég hef aldrei séð Íslending í regnjakka. Annað sem kom mér á óvart var að stelpurnar ganga bara í leggings og í engu pilsu. Það er kalt úti, stelpur!

**Er eitthvað á Íslandi sem er sérlega erfitt að aðlaga sig að?**


Ég heyrði að enginn snýti sér á almanna færi og að Íslendingar sjúgi upp í nefið í staðinn. Það er mjög dónalegt í Þýskalandi.

**Snýst skiptinámið bara um djamma eða ertu kominn til að læra?**

(Hlær) Góð spurning. Ég verð að hugsa út í hver les þetta. Það snýst um að læra. Mig langar bara að djamma smá. Nei, ég mun í alvöru reyna að gera hvort tveggja, vinna af hörku og djamma af hörku.



π - P + SKÖLD



Léttmjólk

# „Hvað í andskotanu er ég búinn að koma mér út í?“

**Ásgeir Trausti fer yfir 10 mögnuðustu augnablikin á ferlinum.**

Það er ótrúlegt að hugsa til þess að aðeins sé rúmt ár síðan Ásgeiri Trausta skaut upp á sjónarsviðið með laginu „Sumargestur“. Hann hefur nú þegar skipað sér á bekk ástsælustu tónlistarmanna landsins og herjar nú á erlendan markað með sinni fyrstu smáskífu á ensku.



## 1 Þegar ég heyrði Sumargest fyrst í útvarpinu

Sumargestur var fyrsta lagið sem við settum í spilun og ég man það eins og gerst hafi í gær þegar ég heyrði það í útvarpinu í fyrsta sinn. Mér þótti það frekar merkilegt.

## 2 Þegar platan mín, Dýrð í dauðabögn, kom út

Ég hafði gert mér vonir um að selja um það bil 200 eintök til vina og kunningja á Hvammstanga / Laugarbakka. Ég átti því aldrei von á þessum svakalegu viðtökum sem platan fékk. Það var skríttin tilfinning þegar það rann upp fyrir mér að við værum með eitthvað sérstakt í höndunum sem fólk almennt var að kveikja á.

## 3 Útgáfutónleikaferð um landið

Við höldum útgáfutónleika á Akureyri, Hvammstanga og í Reykjavík og þetta var í fyrsta skipti sem ég stóð á sviði sem front-maður í hljómsveit og í fyrsta skipti sem ég söng fyrir framan fólk. Það var uppselt á alla tónleikana og það eina sem ég hugsaði áður en ég steig á svið var: „Hvað í andskotanu er ég búinn að koma mér út í?“

## 4 Airwaves-tónleikar í Hörpu 2012 (Norðurljós)

Þarna vorum við í fyrsta skipti á stóru sviði. Á þessum tímamarki var platan orðin verulega vinsæl og í salnum voru líka vinir okkar frá One Little Indian sem við enduðum síðan á að skrifa undir samning við.

## 5 Tilnefning til Norrænu tónlistarverðlaunanna

Það var ekki leiðinlegt að vera tilnefndur til þeirra fyrir sína fyrstu plötu og fá að vera á lista með mörgu frábæru tónlistarfólki frá Norðurlöndunum. Ekki skemmdi fyrir að við vorum búnir að bóka okkur a by:Larm-tónlistarhátíðina en verðlaunin eru einmitt afhent í tengslum við hana. Skemmtileg helgi þrátt fyrir að við „töpuðum“ fyrir sænsku stelpunum í First Aid Kit, sem eru reyndar frábærar og áttu verðlaunin fyllilega skilið.

## 6 Íslensku tónlistarverðlaunin 2012

Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu á því sem maður hefur gert og lagt hjarta sitt í. Það komu líka svo margar frábærar plötur út á árinu 2012 þannig að það var sérstaklega mikill heiður að fá að veita þarna nokkrum verðlaunum viðtöku.

## 7 Ameríkutúr í mars 2013

Fyrsti alvöru túrinn okkar fyrir utan landsteinana þar sem við spiluðum í Boston, New York, LA, San Francisco og á tónlistarhátíðunum SXSW í Texas og Canada Music Week í Toronto. Við vorum úti í rúmar tvær vikur og ferðin kostaði handlegg og fótlegg því við þurftum m.a. að sækja um og greiða fyrir vinnu-visa fyrir alla hljómsveitarmedlimi. Þetta var samt hrikalega gaman og við vorum alltaf jafn hissa á því að það var og er fólk í Ameríku sem hefur áhuga á því sem við erum að gera.

## 8 Upphitun fyrir John Grant í Bretlandi

Flestir tónlistarmenn tala um hvað það sé leiðinlegt að túra í Bretlandi og ég get verið sammála því að það sé upplifun út af fyrir sig. En að fá að hita upp fyrir „the greatest motherfucker“ á nokkrum flottum tónleikastöðum þar í landi og finna það skila sér í auknum áhuga og umtali var alls ekki leiðinlegt. Sem upphitunaratriði þössuðum við vel við John Grant og tónlistin okkar virtist því höfða til tónleikagesta. Fólk lagði við hlustir.

## 9 Hróarskelda 2013

Hvaða hljómsveit vill ekki fá að spila á Hróarskeldu í glampanði sól og góðum fíling? Pakkað tjald og frábærar viðtökur og því ekki hægt að óska sér meira.

## 10 Tónleikar á Pohoda-tónlistarhátíðinni í Slóvakíu

Pohoda er ein flottasta tónlistarhátíð sem um getur. Frábær blanda tónlistaratriða, mikil gestrisni og gott skipulag og svo skemmdi nú ekki fyrir að sjá tónleika með þeim Thom Yorke og félögum í Atoms for Peace sem ég kolféll fyrir.

# BACK TO SCHOOL

## galleri sautján

Kringlan | Smáralind



Skráðu þig í NTC+ vildarklúbbinn á [ntc.is](http://ntc.is)  
og fáðu afslátt af þínu uppáhalds merki

**DIESEL**  
FOR SUCCESSFUL LIVING

THE FINEST QUALITY  
**Herschel**  
SUPPLY CO. BRAND  
TRADE MARK



modström

**!Solid**

SAMSØE φ SAMSØE

**JUST FEMALE**

RUT&CIRCLE

G-STAR RAW

**CONVERSE**

Mudie JEANS CO

**BULL  
BOXER**

Jeffrey  
Campbell

**5**

Kíkið á okkur á [ntc.is](http://ntc.is) eða á [facebook](https://www.facebook.com) og [Instagram](https://www.instagram.com)



**UPPÁHALDS**

KJÓLL: FLYING A  
REFUR: GJÖF  
SKÓR: DIN SKO



**ÚT Á LÍFIÐ**

KJÓLL: COS  
BUXUR: H&M  
HÁLSMEN: GJÖF  
KÁPA: PART TWO  
SKÓR: & OTHER STORIES



**SPARI**

BUXUR: TOPSHOP  
SKYRTA: TOPSHOP  
HÁLSMEN: TOPSHOP  
SKÓR: & OTHER STORIES

# Fatainnkaup hressa, bæta og kæta

**Hólmfríður Kristín Árnadóttir** er tuttugu og tveggja ára ný útskrifaður viðskiptafræðingur frá Háskólanum í Reykjavík. Hólmfríður hefur áhuga á bæði tísku og hönnun og fékk **Stíllinn** hana til þess að sýna lesendum brot úr fataskápnunum sínum.

**Hver er Hólmfríður Kristín?**

Dóttir, systir, kærasta, vinkona, viðskiptafræðingur, badmintonspilari og Valsari.

**Hvernig myndir þú lýsa stílnum þínum?**

Mínn stíll byggist á því að mér líði vel án þess að ég sé að spreða í einhverjar flíkur sem ég nota bara einu sinni eða tvisvar.

**Hefur þú mikinn áhuga á tísku?**

Ef ég væri að miða við einhvern skala væri ég staðsett í miðjunni. Ég hef bæði áhuga á tísku og hönnun og finnst virkilega skemmtilegt að fletta í gegnum glanstímarit og vafra um á internetinu.

**Hvar kaupir þú helst fötin þín?**

COS, & Other stories, Monki, Topshop, Zara og svo slystast maður endrum og

sinnum inn í H&M. Á Íslandinu finnst mér verslunin GK á Laugaveginum bera af.

**Hvert er uppáhalds tískutrendið þitt þessa dagana?**

Mynstraðar, köflóttar og teinóttar flíkur.

**Hvað er ómissandi að eiga í fataskápnunum fyrir haustið?**

Fallega kápu og góða skó.

**Hvað er það fyrsta sem þú tekur eftir varðandi klæðnað annarra?**

Hvernig heildar múnderingin fer við holningu viðkomandi.

**Hver er best klædda kona í heimi?**

Amma Ragnheiður, hún er sannfærð um

að fatainnkaup hressa, bæta og kæta. Ég er sammála henni í því.

**Hvað er einna helst á döfnni hjá þér í haust?**

Ég stend í flutningum, svo ég ætla að byrja á því að koma mér fyrir á nýjum stað. Ég ætla hinsvegar að leggja megináherslu á að slaka aðeins á og njóta augnabliksins.

**Ef þú yrðir að fá þér húðflúr, hvernig húðflúr myndir þú fá þér og hvar?**

Ef ég yrði, fengi ég mér líklega nöfn eða fæðingardaga ófæddra barna minna á falinn stað. Ég tel hinsvegar ólíklegt að ég muni flúra líkama minn í náinni framtíð.



**HVERSDAGS**

BUXUR: H&M  
PEYSA: NOSTALGÍA  
SKYRTA: SAMSE SAMSØE  
SKÓR: OFFICE



**NAYA RIVERA**

Þessi sjóðheita þía er einna þekktust fyrir leik sinn í söng- og dramabáttunum Glee. Hún mætti á VMA-hátíðina í þessum kynþokkafulla svarta langma kjól og fer hann henni virkilega vel.



**SELENA GOMEZ**

Fyrrum Disney-stjarnarn er heldur betur vaxin úr grasi. Hún klæddist þessum sérstaka og fallega Versace-kjól á hátíðinni og sló rækilega í gegn. Kjóllinn klæðir hana reglulega vel og er heildarútlítið upp á tíu.

**TAYLOR SWIFT**

Taylor virðist eldri í þessum fágaða og fallega dökkbláa kjól. Hún ferðast aðeins aftur í tímann í heildarútlitinu, og krullurnar og dökkrauði varaliturinn passa einstaklega vel við kjólinn.



**KATY PERRY**

Það eru skiptar skoðanir á þessu dressi hjá poppsöngkonunni. Stíllinn er ekkert sérlega hrifinn af kjólnum. Hann gerir ekki mikið fyrir vöxtinn hennar og fjaðrirnar eru einum of mikið af því góða.

**CIARA**

Ciara lét sig ekki vanta á hátíðina í ár og klæddist hún þessum ljósa Givenchy-síðkjól. Stíllinn er ekki sérlega hrifinn af kjólnum en fjaðrirnar neðst á honum gera mikið og gefa honum fágað og fallegt útlit.



# Stjörnuþýrð á verðlaunahátíð vestanhafs

Verðlaunahátíðin **MTV Video Music Awards** fór fram vestanhafs síðastliðinn sunnudag og mættu stjörnurnar í sínu fínasta þússi. **Stíllinn** tók saman nokkrar stjórnur á rauða dreglinum.



**LADY GAGA**

Poppdívan þótti heldur faguð í þessum svarta kjól og virðist hún vera farin að halda örlítið aftur af sér í klæðaburði. Þó svo að Stíllinn sé ekkert sérstaklega hrifinn af kjólnum þá er þetta skref í rétta átt.




**MILEY CYRUS**

Þessi dama hefur verið á vörum margra eftir furðulega framkomu á hátíðinni þar sem hún söng nokkur lög. Því miður fyrir Miley er þetta Dolce Gabbana-dress heldur ekki að vinna inn mörg stig.

**ELLIE GOULDING**

Þessi ljósi rúllukragakjól sem breska söngkonan valdi að klæðast á hátíðinni getur varla verið þægilegur þar sem gæddar þekja hann allan. Síðan má bæta því við að hann er ekkert sérstaklega fallegur heldur.



## breyttu bragðgóðum bát ...



... í ljúffenga vefju eða ferskt salat





© 2013 Doctor's Associates Inc. SUBWAY® er skráð vörumerki af Doctor's Associates Inc.



**BORÐA DREKKA**

**TYGGJA**

**WRIGLEY'S**  
*Extra*

 Tannlæknafélag Íslands mælir  
með notkun xylytols sem  
aðalsætufrnis í tyggigúmmii

# Þurfum að ná okkur niður á jörðina

**Of Monsters and Men** hefur síðastliðna 18 mánuði fylgt eftir sinni fyrstu plötu með frægðarför um heiminn. Þeirri törn lýkur með tónleikahaldi í Garðabæ um helgina. **Monitor** ræddi við Skrímslin um rokkstjörnulífið, kattakaffihúsið í Japan, tónlistarsmekk James Bond og húðlit Jay Leno.





**TÓNLEIKARNIR Á  
VÍFILSSTAÐATÚNI  
31. ÁGÚST**

**Of Monsters and Men**  
**Mugison**  
**Moses Hightower**  
**Hide Your Kids**

Túnið opnað kl. 17 og tónleikar hefjast kl. 18. Aðalbilastæði tónleikanna verður á Kaupúnssvæðinu í Garðabæ þar sem meðal annars IKEA er til húsa en engin almenn bílaumferð verður leyfð í kringum Vífilsstaði og þar verða engin bílastæði. Upplýsingar um ókeypis strætóferðir í boði Garðabæjar er að finna á [gardabaer.is](http://gardabaer.is).



band sem var að reyna að gera eitthvað gott svo þróaðist þetta úr þessu harki yfir í að við vorum farin að spila á ótrúlega stórum tónleikum. Við spiluðum sem sagt alveg extra, extra mikið.

▲ Á fyrsta hluta túrsins voru kannski tónleikar upp á hvern dag og svo þrjár heimsóknir til útvarpsstöðva þar sem við tókum lagið. Þetta var dálítið mikið.

☛ Já, stundum vorum við að spila þrisvar til fjórum sinnum á dag.

▲ Ég fann líka bara núna á þessum síðasta túr að hendurnar mínar eru bara orðnar þungar og maður var jafnvel orðinn dálítið utan við sig á síðustu gíggunum.

☛ Á árinu 2013 erum við búin að spila á 105 tónleikum, sem sagt annan hvern dag.

▲ Svo er líka bara farið að kitla að gera ný lög, nýja plötu. Sköpunarþörfin er farin að segja til sín. Ég var 24 ára þegar þetta byrjaði og er orðinn 26 ára núna. Það er kominn tími á eitthvað nýtt.

**En hafið þið haft tíma og rúm til að pæla í nýju efni?**

☛ Við vorum orðin dálítið dugleg undir lokin að nota „sándtékkinn“ í að semja og æfa ný lög. Það eru sem sagt ýmsar hugmyndir búnar að fæðast á öllu

## James Bond sagðist hlusta á okkur í bílnum sínum. [...] Það er frekar gaman að ímynda sér hann keyrandi um á einhverjum þvítíkum Bond-bíl hlustandi á okkur.

þessu ferðalagi. Við þurfum bara að fara að kíkja betur á það.

☛ Ég held að við þurfum bara að fá að vera aðeins á Íslandi.

▲ Maður þarf að fara yfir allar 50 hugmyndirnar í iPadinum, þar er örugglega eitt ágætt lag (hlær).

**Spekingar vilja gjarnan meina að plata númer tvö, eftir góða frumraun, sé alltaf stærsta áskorunin hjá hljómsveitum. Þælið þið eitthvað í því?**

▲ Það er nú bara einhver setning sem einhver

fann upp á. Ég get alveg eins sagt á móti: Plata númer tvö er léttari en númer eitt.

☛ Ég skil samt alveg þessa pælingu, af því að þú hefur í rauninni allt þitt líf til að semja fyrsta plötuna, þegar engin býst endilega við henni.

▲ Já, maður skilur alveg að það geti verið einhver pressa, en það er bara ef maður leyfir því að vera þannig.

☛ Ég held að við ætlum bara að sleppa því að pæla mikið í því. Ef við ætlum að semja plötuna undir einhverri pressu, þá verður hún alltaf léleg.

☛ Við ætlum bara að vera róleg. Tökum svona fimm, sex ár í þetta (hlær).

**Framundan eru tónleikar á Víflsstaðatúni í Garðabæ núna á laugardaginn. Að þeim loknum tekur við frí fyrir utan staka tónleika í Boston og Dubai í haust. Af hverju Dubai?**

☛ Við erum rosalega stór í Dubai, sko. (Allir hlæja.)

**Fáið þið borgað í olíu?**

☛ Já, við fáum bensín á bílinn.

☛ Við fáum pottþétt olíu og Rolex-úr.

**Í Boston spilið þið á tónleikum fyrir útvarpsstöðina Mix 104,1 en segja má að Backstreet Boys og**



KRISTJÁN PÁLL  
KRISTJÁNSSON  
011289

ARNAR RÓSENKRANZ  
HILMARSSON  
060487

RAGNAR  
ÞÓRHALLSSON  
060387

BRYNJAR  
LEIFSSON  
110990

NANNA BRYNDÍS  
HILMARSDÓTTIR  
060589

### ROKKSTJÖRNU FLAKKIÐ

- 18 mánuðir
- 5 heimsálfur
- 27 lönd
- 231 tónleikar



M A G I C

Töfra

BRAGÐIÐ

er komið aftur



UPPRUNALEGA  
UPPSKRIFTIN

Það er sama hvað þú gerir...

**MAGIC** veitir þér orkuna

**Gavin DeGraw hiti upp fyrir ykkur þar. Hvernig list ykkur á það?**

**A** Okkur list helvíti vel á þetta. Þetta kom okkur samt allt mjög á óvart því okkur var boðið að vera aðalhljómsveit á þessum tónleikum og svo fengum við bara að vita eftir á hvernig dagskráin væri. Það vita auðvitað allir hverjir Backstreet Boys eru þannig að þetta er frekar „legendary“ dæmi. Ég veit reyndar ekki mikið um Gavin DeGraw, en ég var mikill aðdáandi One Tree Hill þannig að það verður örugglega gaman að hitta karlinn.

**Hvað kemur til að þið hyggist síðan halda tónleika á Vífilstaðatúni?**

**B** Okkur langaði að halda tónleika hérna heima til að loka túrum, eins og við gerðum í Hljómskálagarðinum í fyrra.

**K** Já, okkur langar alltaf að spila sem mest á Íslandi. Svo vorum við búin að vera í samskiptum við Garðabæ og aðilar þar voru spenntir fyrir að gera eitthvað skemmtilegt.

**A** Það er fullt af plássi í Garðabæ og svo er Vífilstaðatúnið bara flottur staður til að spila á. Það verður líka gaman að fá teymið sem vinnur í kringum túrana okkar til Íslands. Mörg þeirra hafa aldrei komið til Íslands.

**Vitið þið hvað tekur síðan við eftir fríu ykkar? Verðið þið skikkuð í hljóðver af mönnum hjá útgáfurisnum Universal?**

**K** Við ætlum að taka smá frí núna og prófa að eiga heima einhvers staðar.

**B** Já, við þurfum líka að ná okkur aðeins niður á jörðina, held ég.

**N** Við höfum allavega fengið að heyra það frá umboðsmanni og svona að það sé engin pressa á okkur.

**A** Við verðum samt líklega beðin um að spila á einhverjum litlum tónlistarhátíðunum í Bandaríkjunum í náninni framtíð og svo þarf maður alltaf að halda útvarpstöðvunum góðum. Annars þurfum við bara að vera róleg og ná að semja nýtt efni.



# FIMM hápunktar

**Fyrir íslenska áhangendur of Monsters and Men hafa síbastliðirnir 18 mánuðir líklega titið út eins og einn stór hápunktur. En blaðamaður fékk ummæli frá rokkstjörnunum um 5 atvik eða atriði sem teljast miklir sigrar fyrir íslenska hljómsveit.**

**Frumraun hljómsveitarinnar, Platan My Head is an Animal, hefur selst í um 1,7 milljónum eintaka um allan heim auk þess sem hún komst inn á topp 10 á Billboard 200-listanum.**

**Hljómsveitin kom tvisvar fram í Jay Leno árið 2012.**

**Hljómsveitin kom fram í Saturday Night Live þann 4. maí 2013.**

**Lag sveitarinnar, Dirty Paws, var notað í kynningarauglýsingunni fyrir iPhone 5 í september 2012.**

**Sveitin kom fram á stærstu tónlistarhátíðum heims árið 2013, þar á meðal Glastonbury.**

**Hljómsveitin hlaut EBBA-verðlaun í upphafi árs 2013. Verðlaunin eru veitt þeim verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**

**Verðlaunahafar eru meðal annars Adele, Lykke Li og Mumford and Sons.**





Fáðu þér síma sem skilur þig



### Snjallsími sem skilur íslensku

Samsung Galaxy S4 hefur þann skemmtilega eiginleika að skilja okkar ástkæra ylhýra. Þannig má stjórna ýmsum aðgerðum og einnig er hægt að skrifa tölvupósta og SMS með því að tala við símann á íslensku. Fáðu þér síma sem skilur þig.

Kynntu þér málið á [GalaxyS4.is](http://GalaxyS4.is)



Samsung  
**GALAXY S4**



@ofmonstersandmen and Matt Damon



@ofmonstersandmen #fujirock



@ofmonstersandmen All you need is gloves



# #monitormynd

Sérð þú lífið í filter? Líka Of Monsters and Men! Þau hafa upplifað ótrúlega hluti á sínum ferli og Monitor tók saman brotabrot af þeim myndum sem þau deila með aðdáendum á Instagram.

**Ert þú í Instahring Monitor?**  
Merktu þína mynd með **#monitormynd** og vertu með í gleðinni. Myndirnar birtast sjálfkrafa á **monitor.is** auk þess sem sniðugir Instagrammarar geta nælt sér í glaðning því í hverri viku útnefnum við **Monitormynd vikunnar**.



@ofmonstersandmen BRASILÍA <3



@ofmonstersandmen Days off feel sooooo good



@ofmonstersandmen Brussel



@ofmonstersandmen JAY LENO!!!!



@ofmonstersandmen Long lost brothers



@ofmonstersandmen Sasquatch

**Sigríður María Egilsdóttir** er útskrifaður Verzlingur, ræðuskörungr og fer með hlutverk í kvikmyndinni **Hross í oss** sem frumsýnd var í vikunni.

# Lætur blæða

## úr eyrum fólks

**Nú ert þú búin að vera öflug á ýmsum sviðum upp á síðkastið, getur þú sagt okkur aðeins frá árinu þínu?**

Í ágúst í fyrra fékk ég hlutverk í kvikmyndinni *Hross í oss* og hóf fljótlega tölur á henni. Ég komst síðan í ræðulíð Verzló öðru sinni og sigraði með því MORFís-keppnina. Ég eignaðist auk þess kærasta, hélt TED-fyrirlestur og nú er komið að frumsýningu á myndinni.

**Hvort er skemmtilegra að vinna MORFís eða að tala á TED?** Úff, vinna MORFís. Það er svo gríðarlega mikil vinna sem fer í hverja keppni, heil vika með liði og þjálfurum að skrifa og þæla í einhverju afmörkuðu efni. Þess vegna er auðvitað rosalegt kikk að mæta þarna í Hörpuna og vinna.

**Skiljanlega, en hvernig kom þessi TED-fyrirlestur til?**

Ég hef tvisvar tekið þátt í ræðukeppni á ensku hérlendis og komst í kjölfarið í stjórn félagsins sem heldur þær keppni. Þar kynntist ég konu sem er mikið inni í þessu TED-batteri, en hún stakk einfaldlega upp á því við TED-stjórnina að ég fengi að halda þarna ræðu.

**Um hvað talaðir þú og hvernig valdir þú umtalsefnið?**

Ég vildi einfaldlega tala um eitthvað sem er mín „passion“ og þá lá beint við að tala um jafnrétti.

**Finnst þér þú fá annars konar viðbrögð sem ræðuskörungr verandi kvenkyns?**

Það vakti auðvitað athygli að ræðumaður Íslands væri kvenkyns í fyrsta sinn í 14 ár. Varðandi TED þá hefði samt verið ótrúlega töff að vera karlkyns að tala um jafnrétti.

**Finnst þér vanta upp á að ungir karlmenn séu meðvit- aðir um jafnréttismál?**

Ég held að þeir séu almennt alveg meðvitáðir um þau, en það sem vantar er kannski að þeir láti sig þau meira varða.

**En að myndinni, „Hross í oss“, hefur þú einhverja reynslu af leiklist?**

Nei voðalega litla. Ég og Benni (Benedikt Erlingsson) þekkjumst aftur á móti vel og hann veit að ég er mikið í hestunum. Hann hringdi í mig, ég mætti í prufu og það varð síðan úr að ég fékk hlutverkið.

**Getur þú sagt okkur aðeins frá myndinni, hvert er þitt hlutverk?**

Myndin fjallar í hnotskurn um ólíkan hóp íbúa í litlum aðal á Íslandi og hvernig líf þeirra tvinnast saman í gegnum ástir, dramatík og harmleik. Ég leik sænska hestastelpu sem heitir Johanna, hún er mikið náttúru- barn sem kemur til Íslands fyrst og fremst til þess að upplifa drauminn og sinna hestamenskunni. Það eru síðan ýmsir karakterar sem flækjast í raun fyrir henni í þeirri viðleitni.

**Talar þú þá sænsku í myndinni?**

Já „ég“ geri það. Reyndar var það sænsk stelpa sem talletti mig. Ég persónulega talaði hins vegar einhvers konar íslensku með sænskum hreim í tölunum, svona til þess að gera þetta sem raunverulegast.

**Hvernig var að vinna með svona mörgum þekktum leikurum, upplifðir þú einhverja stjórnumstæla?**

(Hlær) „Celebin“ voru bara mjög indæl, en þar sem þetta eru svolítið aðskildar sögur sem tvinnast síðan saman þá vann ég ekkert sérstaklega náð með þeim, heldur var ég meira bara í mínu hlutverki.

**Hvað varst þú að gera í sumar og hvað tekur nú við?**

Ég var að vinna á sumarnámskeiðum hjá Breiðablik, auk þess sem ég var í hestunum og fór til Danmerkur með MORFís-liðinu. Í vetur ætla ég síðan að taka mér námsleyfi og vinna fram að heimsreiðu sem ég stefni á í byrjun mars.

**Í ljósi alls ofangreinds er líklega ekki úr vegi að spyrja: Er eitthvað sem þú getur ekki?**

Já já, margt og mikið. Ég get til dæmis ekki fyrir nokkra muni sungið. Það blæðir úr eyrunum á fólki þegar ég hef upp raust mína.

**Hvar sérðu þig fyrir þér eftir 10 ár?**

Erfitt að segja, ég stefni allavega á að vera búin með lögfræðina og helst master í útlöndum. Svo er aldrei að vita nema ég verði bara byrjuð að koma upp fjölskyldu og basla í því.

### SIGGA MARÍA

Fyrstu sex: 011193

Í morgunmat fékk ég mér: Ekkert, því miður, og var svöng til hádegis.

Uppáhalds gangteygundin mín er: Tölt.

Það lag sem lýsir lífi mínu best

þessa stundina: „Say you, say me“ með Lionel Richie.



# Lifðu, lærðu, leiktu með Sony Vaio



**Fislétt orkubúnt**  
 13,3" snertiskjár  
 Intel Core i7 örgjörvi  
 4 GB minni  
 24 GB SSD og 500 GB diskur  
**Verð: 159.990 kr.**



Borgartún 37, Reykjavík / Kaupangi, Akureyri / netverslun.is

# skjámenning

„Hvað viltu að ég geri, fari í kjól og dansi húllahúlla?“ - Tímon  
**Konungur ljónanna**



## FRUMSÝNING VIKUNNAR

### Hross í oss

Hross í oss er grimur sveitarómantík um hið mennska í hrossinu og hrossið í manningu. Ást, kynlíf, hross og dauði fléttast saman með skelfilegum afleiðingum. Örlagasögur af fólki í sveit frá sjónarhóli hestsins. Sólveig elskar Kolbein og Kolbeinn elskar Sólveigu en Kolbeinn elskar líka merina Gránu sem aftur á móti elskar folann Brún. Það er ekki víst að þessi saga endi vel. Vernharður elskar vodka og Jarpur elskar Vernharð. Útlendingurinn Gengis á hins vegar engan vodka en elskar hross eins og Jarp. Það er ekki heldur víst að þessi saga fari vel. Grímur kann að meta hesta og fornar hestaslóðir en Egill er áhugamaður um gaddavír og traktora. Þessi saga mun ekki enda vel. Jóhanna elskar Rauðku en Rauðka elskar frelsið. Við gamalt sumarhús liggur særður maður. Þessi saga gæti endað vel. Juan Camillo elskar náttúruna og leitar almættisins á hálendi Íslands. En hrossið er gamalt og þreytt og þarfnast hvíldar. En hvernig sem hver og ein af þessum sögum fer og fléttast saman þá sameinast menn og hross í eitt í réttunum á haustin!

**Leikstjóri:** Benedikt Erlingsson  
**Aðalhlutverk:** Jarpur, Skjóni, Yrja, Ingvar E. Sigurðsson, Steinn Ármann Magnússon, Helgi Björnsson, Kristbjörg Kjeld, Charlotte Bøving og Kjartan Ragnarsson.  
**Lengd:** 96 mínútur.  
**Aldurstakmark:** Bönnuð innan 12 ára.  
**Kvikmyndahús:** Smárabíó, Háskólabíó, Borgarbíó Akureyri Blóðhóllin Akranesi, Sambíóin Selfossi, Isafjarðarbíó og Króksbíó á Sauðárkróki.



### TÖLVULEIKUR



**The Bureau: XCOM Declassified**  
**Tegund:** Skotleikur  
**PEGI merking:** 16+  
**Útgefandi:** 2K Games  
**Dómar:**  
 7 af 10 – Eurogamer.net  
 5,5 af 10 – IGN.com  
 6 af 10 – Gamespot

### Reykjandi geimverubanar

Sjöundi áratugurinn var grjótharður. Áratugur þar sem menn voru menn og konur voru konur. Allsstaðar var reykt og tiskan var flott með hatta og vesti í fararbroddi. Þessi áratugur er einmitt söguviðið í nýjasta leiknum í XCOM-seríunni eða The Bureau: XCOM Declassified.

Eins og í öðrum XCOM-leikjum eru það geimverur sem eru aðalvínirinn, en ólíkt fyrir leikjum seríunnar þá er The Bureau meiri skotleikur en herkenskuleikur og fá leikmenn að vita allt um hvernig XCOM-stofnunin varð til, en upphaflega var hún sett á laggirnar til að berjast við sovétmenn.

Leikmenn fara í hlutverk leyniþjónustumannsins William Carter, en hann er mjög amerískur og nánast eins og klipptur útúr Mad Men-þáttunum. Leikurinn er blanda af skotleik og herkenskuleik og ráða leikmenn dálítið hvernig þeir blanda þennan kokteil og hvernig þeir vilja spila sig í gegnum leikinn. Þeir sem hafa meira gaman af því að láta byssurnar tala geta einbeitt sér að því, en þeir sem vilja sitja slakir í sófanum og skipa öðrum fyrir geta einnig lagt áherslu á það.



Fyrir hvert verkefni þurfa leikmenn að velja sér liðsfélaga og þarf að velja þá út frá reynslu þeirra og þeim hæfileikum sem þeir búa yfir. Eftir hvert verkefni eflast svo þessi liðsmenn og verða betri með hverri raun. Þannig að það er mjög mikilvægt að passa uppá að allir haldi lífi í hverju verkefni fyrir sig, því það getur verið dýrkeypt að missa reynslumikla menn.

Grafíkin í The Bureau er ekkert sérstök, getur verið mjög flott á köflum, en yfirleitt bara í góðu meðallagi. Stundum hikstar leikurinn þegar mikið liggur við og getur það skemmt fyrir í spiluninni. Talsetningin er nokkuð teiknimyndaleg og stundum dálítið ýkt, en söguþráður leiksins er spennandi og flottur persónur sem koma þar fyrir.

Ég hefði viljað sjá meira frá The Bureau, enda mikill XCOM-aðdáandi, en leikurinn sleppur þó fyrir horn, ekki mikið meira en það.



ÓLAFUR ÞÓR JÓELSSON



**ÁHUGAVERÐAR STADREYNDIR**

- Þættirnir eru byggðir á sannri sögu bandarískrar konu sem sat í fangelsi
- Þættirnir fá 0,1 hærrí einkunn á IMDB en Prison Break, sem gerðu allt vitlaust á sínum tíma
- Yfir 2 milljónir Bandaríkjamanna sitja í fangelsi, eða rúmlega 0,5% þjóðarinnar. (Á Íslandi er hlutfallið 0,05%)
- Karlar eru þar ríflega 10 sinnum fleiri en konur
- Fjórðungur fleiri blökkumenn eru í fangelsi en hvítir karlmenn miðað við höfðatölu
- Blökkukonur eru tvöfalt fleiri en hvítar konur

# Ögrandi efnistöð í fangelsisdrama

**Orange Is the New Black** hafa slegið rækilega í gegn.

Fangar og lífið á bakvið lás og slá hefur lengi verið vinsælt viðfangs-efni. Nægir þar að nefna einhverjar vinsælustu kvikmyndir síðari tíma; The Green Mile og The Shawshank Redemption, auk hinna sívinsælu Prison Break þátta.

Ein heitasta þáttaröðin um þessar mundir er hin ögrandi Orange Is the New Black. Þættirnir gefa nokkuð ólíka sýn í heiminn innan fangelsisveggjanna en áhorfendur



eiga að venjast, en þeir gerast í kvennafangelsi. Fjallað er um konu á fertugsaldri sem dæmd er í 15 mánaða fangelsi

fyrir að hafa tekið að sér flutning á dökkþening milli landamæra tíu árum áður. Áhorfendur kynnst lífinu í fangelsi frá ýmsum sjónarhornum, og er tekið á mörgum áberandi þjóðmálum í Bandaríkjunum, þ.m.t. rasisma innan kerfisins og háu hlutfalli blökkufólks í fangelsum. Þættirnir hafa fengið magnaðar viðtökur og fá m.a. einkunnina 8,6 á vefsíðunni IMDB.

# Beint á toppinn í Bandaríkjunum

**The Conjuring** heldur fyrir þér vöku í margar vikur.

The Conjuring er byggð á einni af frásögnum hjónanna Eds og Lorraine Warren, en þau notuðu bróðurpart ævi sinnar í að rannsaka þúsundir atvika sem grunur lék á að væru af yfirskilvitlegum toga. Á meðal þekktustu sagnanna úr sagnabanka þeirra er til dæmis frásögnin af Amityville-draugaganginum sem hefur verið kvikmynduð tvisvar. Í þetta sinn var athygli þeirra vakin á meintum draugagangi á sveitaheimili í Rhode Island-ríki Bandaríkjanna þar sem Perronfjölskyldan bjó. Fjölskyldan hafði um hríð verið ásótt af einhverjum óútskýranlegum öflum og svo fór að móðirin setti sig í samband við Warren-hjónin og bað þau um aðstoð til að komast að því hvað væri á seyði og þá hvernig hægt væri að binda enda á þessa martröð fjölskyldunnar. Myndin fór beint á topp bandaríska aðsóknarlistans og er sem stendur með 7,8 í einkunn á IMDB. The Conjuring er sýnd í Sambíóunum Álfabakka, Egilshöll, Kringlunni, Akureyri og Keflavík, Ísafjarðarbíói, Bíóhöllinni Akranesi og Selfossbíói.



**VILTU VINNA MIÐA?**  
facebook.com/monitorbladid

**KVIKMYND**

## Vafasamt sumarfrí

David er fullorðinn maður sem hefur lítið sem ekkert þroskast síðan hann var að selja gras í háskóla. Hann hefur elst um þó nokkur ár en er ennþá að selja gras og gerir lítið annað en það. Hann hefur komið sér upp góðum hópi fastakúna og hefur það fínt. Dag einn er hann rændur öllu, allir peningar teknir og allt efnið sem hann á eftir að selja. Dóþbaróninn sem sér David fyrir grasi er ekki sáttur með þetta twist og sendir hann til Mexíkó að sækja "smá"-gras, sem reynist síðan vera ógeðslega mikið, og koma því yfir landamærin. Hann dettur á það ráð að búa til plat-fjölskyldu til þess að virka ekki grunsamlegur. Fjölskylduna setur hann saman af nágrannakonunni sinni, sem er strippari, strák sem býr í húsinu hans og er algjör lúði og stelpu sem hefur strokið að heiman og býr á götunni. Þau leggja af stað í fríð sem er í



rauninni smygiferð og þá hefst myndin og skemmtileg atburðarrás. Á ferðalagi sínu hitta þau fullt af skemmtilegum og furðulegum

karakterum sem setja svip sinn á ferðalag þeirra. Peter Brandt Nielsen sér um að leikstýra þessari léttu gamanmynd en hann leikstýrði t.d. Dodgeball, sem var drullufyndin. Jason Sudekís fer með hlutverk dópsalans Davids og hann er alltaf myndinn. Jennifer Aniston leikur plateiginkonu hans og stripparann Rose, hún stendur sig vel eins og alltaf og er ekkert lítið sexy. Will Poulter og Emma Roberts leika síðan börnin þeirra og eru flott í því. Aukaleikararnir gefa myndinni mikið og Ed Helms, úr Hangover, er mjög góður sem dóþbaróninn og Nick Offerman er flottur sem undarlegur fjölskylduafáðir sem þau hitta á ferðalagi sínu.



**WE'RE THE MILLERS**

ÍVAR ORRI

**MMMMM**

Þessi mynd er finasta skemmtun en hún gerir ekkert extra. Hún er nákvæmlega það sem maður býst við, alveg myndin en ekkert drepmyndin og er frekar fyrirsjáanleg. Góður kostur ef fólk hefur ekkert að gera og vill fara í bíó.

Scandiphone Retro borðsími. 9.990 kr.

MyAmp iPod hátalari/magnari. 4.990 kr.

Karlisson Vínplönskúkkja. 6.990 kr.

Emergency Bowtie Þversíula. 1.490 kr.

Retro Cover iPhone hülstur og standur. 2.900 kr.

Pickmaster Gerðu þínar eigin gítarlegur. 4.500 kr.

**HETTUPEYSUR OG GJAFAVARA Í ÚRVALI**

American Apparel Hettupeysur. 8.900 kr.

SMÁRALIND - LAUGAVEGUR 32 - WWW.DOGMA.IS

**APPÞRENNAN**

## Ótakmörkuð tónlistarveisla

Spotify er ómissandi app fyrir alla snjallsímaeigendur. Þú getur gerst áskrifandi og hlustað ótakmarkað á alla uppáhalds tónlistina þína eða hlustað ókeypis og látið þig hafa auglýsingarnar sem heyrast inn á milli. Á Spotify má finna um 20 milljónir laga og fleiri bætast í safnið á hverjum degi.



## Ævintýralegar glærur

Prezi er svo-lítið eins og Power Point á sterum. Prezi hentar sérlega vel fyrir spjaldtölvur og með því er hægt að búa til glæsilegar gagnvirkar kynningar fyrir skólann, vinnuna eða bara hvern sem nennir að hlusta á þig.



## Stofnaðu hljómsveit í tölvunni

Hvort sem þú ert tónlistarmaður eða hefur bara áhuga á að gera þína eigin tónlist, færir Garageband þér öll helstu verkfærin sem þú þarft á að halda til þess að búa til nýjan hljóð. Það er engin ástæða til að halda sig við sólóferil því með Garageband getur þú tengst við vini þína og stofnað tölvuvædda hljómsveit.



**ÍSL-ENSKUR TEXTI**



## Jay-Z og Justin Timberlake - Holy Grail

And baby  
It's amazing I'm in this maze with you  
I just can't crack your code  
One day you screaming you love me loud  
The next day you're so cold  
One day you're here, one day you're there, one day you care  
You're so unfair sipping from your cup  
Till it runneth over, Holy Grail

Og barnið  
Það er ótrúlegt að ég er í þetta vöfundarhús með þér  
Ég get bara ekki sprunga kóðann þinn  
Einn daginn sem þú óskra þú elskar mig hávær  
Daginn sem þú ert svo kalt  
Einn daginn sem þú ert hér, einn daginn þú ert þarna, einn daginn sem þér þykir vænt  
Þú ert svo ósanngjarn sipping úr bollarum þínum  
Till það runneth yfir, Grail  
Takk Google Translate

**EINTÓM ÞVÆLA**



Tómaturninn var sko svoooona stór!!!

Jónína Nína Narfadóttir var nýkomin úr lagningu þegar tómataskúrinn skall á. Sem betur fer hafði hún forlata sombrero við höndina til að skýla lokkunum en hann hefur fylgt fjölskyldu hennar í áraradír.

## Bestu ár lífsins

**Þ**að var mikil spennan fyrir því að byrja í menntaskóla á sínum tíma og ég var líka búinn að heyrna svona tvö hundruð og fimmtíu sinnum að menntaskólaárin ættu eftir að vera skemmtilegustu ár ævi minnar. Nei nei, þetta stóðst líka bara svona tvö hundruð og fimmtíu prósent, enda er menntaskólátíminn besta tímabil ævi minnar, hingað til að minnsta kosti.

**E**itt rosalega eftirminnilegt augnablik í upphafi menntaskólalags minnar var í matsal Menntaskólans við Sund þar sem ég var sextán ára gamall nýnemapervert. Þá var kannski vika liðin frá skólaþvingum og við strákarnir stóðum stjarfir í miðjum salnum og vorum orðlausir yfir því hvernig svona margar prinsessur gætu verið í einum skóla! Einn okkar náði loks að reka út úr sér að við hlytum að vera komnir í himnaríki. Og það er einmitt það sem menntaskólinn var hjá mér. Ég meina, hvað er menntaskólalíf? Alltaf er maður með vinum sínum og vinkonum í tímum og ekki nóg með það heldur eru frímínútur á fjöru tíu mínútna fresti. Að því ógleymdu að hálfur dagurinn fór yfirleitt í það að spjalla, spila, slúðra og hlæja á borðinu okkar inni í matsal.

**A**uðvitað eru ekki allir svona peppaðir fyrir skólanum og honum fylgir víst svolítið nám og alvara líka. Sumir fá því skólaleiða og njóta þessara ára ekki jafn vel og ég gerði. Þó held ég að allir geti verið sammála um að það eru blendnar tilfinningar sem fylgja því að klára stúdentinn, yfirgefa skólann sinn og halda „út í lífið“.

**F**relsið er yndislegt, ég geri það sem ég vil,“ syngur Björn Jörundur og það hugsa nýbakaðir stúdentar líka með hvíta kollinn á höfðinu. Allt lífið er framundan og engin takmörk eru fyrir því hvaða ævintýri verða á vegi manns.

**S**umir hafa fyrir löngu gert það upp við sig hvað þá langar að læra og fara beint í háskólanum. Mér finnst það þó orðið æ algengara að ungir menn og konur taki sér þetta típska ár í pásu frá skóla. Þá er margoft búið að brýna fyrir okkur sem stöndum á þessum tímamótum að núna sé tíminn til að lenda í öllum þeim ævintýrum sem

okkur lystir. „Áður en þú ert kominn með konu og barn, eða fastur í vinnu“ – kveðja amma. Sama hvort ævintýrið er sjálfbodaðastar í Mogadisjú, brimbrettskóli á Balí eða útflutningur úr foreldrahúsum og í piparsveinafúð með vinunum niður í bæ, þá er allt mögulegt og valið er þitt.

**Þ**að er innilega furðulegt að vera ekki að fara í skóla þetta haustið, í fyrsta skiptið í fjórtán ár. Því fylgir mikið öryggisleysi að vera ekki lengur hluti af því stóra félagslega festi sem skólakerfið er enda hefur það leitt mann áfram síðan maður var smábarn. Ég væri því að ljúga ef ég segði að ég hefði aldrei fengið hrollinn og hugsað: „Gamli, hvað nú? Hvað er næst? Eru bestu ár ævi þinnar búin?“ En einhverntímann verður maður að kasta sér út í djúpu laugina og það var hlutverk allra kennara sem ég hef haft yfir ævina að undirbúa mig undir það stökk, sama hvort þeir eru foreldrar, kennarar í skólum eða vinir. Ég held að þeim hafi tekist sitt verk ágætlega.

**Þ**egar einar dyr lokast opnast aðrar. Ég er að fara að fljúga hinum megin á hnöttinn til þess að ferðast um Asíu með bestu vinum mínum en er á sama tíma rosalega spennur fyrir háskólanum. Þó svo að það séu spennandi tímar framundan þá held ég að margir séu sammála mér þegar ég segi að ég væri alveg til í eitt menntaskólaár í viðbót. Busaball, bílabíó, þemavikur og næturpróflestur með strákunum. Það er ekki annað hægt en að elska menntaskóla.

**E**f þú ert að byrja í framhaldsskóla núna skaltu njóta þess, þetta verða bestu ár ævi þinnar – hingað til í það minnsta.

### Egill Fannar Halldórsson



**ELTU ÞENNAN**

Leiðinlegi gaurinn er líklega einn leiðinlegasti maðurinn á Facebook en samt á svo skemmtilegan hátt.



**LEIÐINLEGI GAURINN**

facebook.com/leidinlegigaurinn



Á bara að leyfa múslimum að byggja mosku og tilbiðja guð sinn á Íslandi eins og ekkert sé sjálfsagðara?

Eigum við ekki bara að leyfa konum að kjósa, samkynhneigðu fólki að giftast og lausagöngu gamalmenna? Nú er kalt í helviti.

Like Comment Share

145 3

# 10

**leiðir til að vera skrítni businn.**

**1** **Æfðu þig í að tverka.** Hvort sem þú ert að þylja stærðfræði-sannanir eða í frímínútum er alltaf tími til að beygja sig niður í örskamma stund og hrísta þjóhnappana.

**2** **Fáðu þér ímyndaðan vin.** Taktu frá sæti fyrir hann og urraðu á þá sem „setjast ofan á hann“. Kenndu honum um ef þú ert of seinn í tíma eða gleymir að læra heima.

**3** **Vertu trúður.** Neitaðu að vinna heimavinnuna þína vegna þess að hún gangi gegn trú þinni, sérstaklega ef heimavinnan er í dönsku.

**4** **Vertu gjelgja.** Segðu „skilurðu“ í öðru hverju orði og veftu tyggjóinu þínu um fingurinn á þér. Talaðu um Justin Bieber sem prinsinn þinn og dæstu alltaf eftir að einhver segir nafnið hans.

**5** **Prjónaðu á þig heilgalla í tímum.** Passaðu að hann sé tilbúinn við lok annar svo þú getir mætt í honum í prófin og mundu eftir að gera lúgu á rassinn.

**6** **Mættu með heimatilbúðu lúxusnesti frá mismunandi heimshornum.** Segðu að þú eldir til að gleyma ef einhver spyr hvaðan nestið kemur og hummaðu svo Eurovision-stefið með sorgarsvip.

**7** **Lar þaðu.** Mættu sem uppáhalds Harry Potter-persónan þín í skólann og spurðu alla hvort þér viti hvar leyniklefnin sé og á hvaða heimavist flokkunarhatturinn hafi sent viðkomandi.

**8** **Syngdu.** Semdu lag um fyrstu kynlífsreynslu þína, sama hvort hún hefur enn átt sér stað eða ekki. Syngdu það hvar sem er hægt og undir á þríhorn. Góðir titlar sem hægt er að endurvinnna væru til dæmis „Gleðibankinn“ eða „Glaðasti hundur í heimi.“ Þínum fyrsta smelli mætti svo alltaf fylgja eftir með „Oops I did it again.“

**9** **Bakaðu köku handa formanni nemendafélagsins.** Handskrifaðu löng bréf til viðkomandi um framtíðina og skeyttu saman myndum af ykkur. Sendu þrálátar sambandsbeiðnir á Facebook en hlæðu síðan bara og ráfaðu í burtu ef viðkomandi spyr þig út í háttalag þitt.

**10** **Mættu í peysufötum alla daga.** Skoraðu á fólk að kveðast á við þig og sýndu myndir af uppáhalds kindunum þínum.

**VÍSINDAVEFURINN**

## Hvenær á maður að mæta ef manni er sagt að mæta upp úr eitt?

Engin nákvæm regla er til, mér vitanlega, um þá tímalengd sem „upp úr“ á við. Almennur mál-skilningur er þó að um stuttan tíma sé að ræða. „Ég verð örugglega komin upp úr eitt“ merkir í mínum huga fljótlega eftir eitt, ekki til dæmis fimmtán mínútur yfir. „Það nægir að þú sért kominn upp úr hálf eitt“ segir á sama hátt að það sé í lagi að viðkomandi nái ekki fyrir hálf en þurfi að vera kominn fljótlega eftir að klukkan er hálf eitt, ekki miklu seinna.

(Höf. Guðrún Kvaran)

# Skalli

*Sá svalasti í bænum*

**Borgari, franskar,  
gos og kokteilsósa**

**1.550 kr.**



## **Akureyringur**

Nautakjöt, ostur,  
tómatar, agúrkur,  
jöklasalat, franskar  
og hamborgarasósa

## **Indverji**

Indverskt buff í grófu  
naanbrauði, grilluð  
paprika, rauðlaukur,  
jöklasalat, raita og  
mangó chutney



## **Texasborgari**

Nautakjöt,  
laukhringir, nachos,  
jöklasalat, salsa  
og jalapenosósa



# Síminn, Spotify og þú

🔊 🔗 Diamonds

Rihanna

3:45

Dagný Brynjarsdóttir | Knattspyrnukona

|  |   |
|--|---|
| <p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p><b>300</b></p> <p>3.490 kr./mán.</p> <p>300 mín.   300 SMS   300 MB</p>                               | <p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p><b>500</b></p> <p>4.990 kr./mán.</p> <p>500 mín.   500 SMS   500 MB</p>                                |
| <p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p><b>1000</b></p> <p>7.990 kr./mán.</p> <p>1000 mín.   1000 SMS   1000 MB<br/>3G aukakort í 12 mán.</p> | <p>Spotify</p> <p>SNJALLPAKKI</p> <p><b>1500</b></p> <p>10.990 kr./mán.</p> <p>1500 mín.   1500 SMS   1500 MB<br/>3G aukakort í 12 mán.</p> |

## Hlustaðu á tónlistina þína í símanum hvar og hvenær sem er.

Þú finnur upphaldslögin þín á Spotify, einni stærstu tónlistarveitu í heimi.

## Veldu Snjallpakka sem hentar þér!

Snjallpakki er frábær áskriftarleið þar sem þú færð gagnamagn, SMS og innifaldar mínútur sem gilda í farsíma og heimasíma, óháð kerfi.

Spotify Premium áskrift í 6 mánuði, að andvirði 1.590 kr./mán., fylgir öllum Snjallpökkum gegn 6 mánaða samningi.